

Fundur haldinn í framkvæmdaráði Almannavarna Árnessýslu (A.Á.) þann 8. maí 2020 kl. 14:15 í fundarsal Brunavarna Árnessýslu og fjarfundi.

Mættir eru: Ásta Stefánsdóttir (ÁS), formaður (í fjarfundi), Sólveig Þorvaldsdóttir (SP), varaformaður og Aldís Hafsteinsdóttir (AH) (í fjarfundi).

Auk þeirra sitja fundinn: Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri Almannavarnanefndar Árnessýslu, og Haukur Grönli, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu.

Fundagerð ritaði Unna Björg Ögmundsdóttir.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur Almannavarna Árborgar 2019

Ásta kynnti ársreikning Almannavarna Árborgar 2019 og bar hann undir atkvæði stjórnar. Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

2. Staða mála vegna Covid-19

Fjarfundir hafa verið hjá fulltrúum sveitarfélaganna vegna Covid-19 síðan faraldurinn hófst og hefur þeim fækkað undanfarið samhliða rénun faraldursins.

3. Önnur mál

a. Aðgerðarstjórn

Sólveig hóf umræðu um hugtakið aðgerðarstjórn, upphaflegu hugsunina á bak við hana og hvernig hún hefur breyst með almannavarnalögum 2008. Umræða varð um stjórnun aðgerða innan sveitarfélaga og að ræða þarf nánar hvernig henni er best fyrir komið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40.

Ásta Stefánsdóttir

Sólveig Þorvaldsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Pétur Pétursson

Haukur Grönli

Unna Björg Ögmundsdóttir